

Úrskurður

Frá:	Sérstakri dómnefnd vegna 5. umferðar Íslandsmótsins í rallycross 2025
Til:	Arons Mána Júlíussonar, Aniku Lind Olsen, stjórnar AKÍS og Snæpórs Inga Jósepssonar
Skjal:	U2
Dagsetning:	16. desember 2025
Klukkan:	22:00

Máli vísað til sérstakrar dómnefndar af stjórn AKÍS

Með bréfi dagsettu 19. september 2025 voru eftirtaldir aðilar skipaðir af AKÍS í sérstaka dómnefnd;

Gunnar Bjarnason sem formaður, Hlöðver Baldursson, Sigurður Arnar Pálsson og Aðalsteinn Símonarson.

Skipanin byggir á heimild í 14. grein laga sambandsins, og samkvæmt erindisbréfinu skyldi dómnefndin "... fjalla um og dæma..." vegna ummæla sem sem send voru Snæpóri Inga Jósepssyni í gegnum samskiptamiðilinn Messenger.

Málsatvik

Fimmta og síðasta umferð Íslandsmótsins í rallycross 2025 var haldin á keppnissvæði AÍH við Krýsuvíkurveg þann 6. september. Í þessari keppni kom upp atvik í úrslitum 4x4 flokks og birti dómnefnd keppninnar úrskurð á upplýsingatöflu hennar kl. 16:48, [Upplýsingatafla 5.umferð](#). Ástæða úrskurðarins var framkoma starfsmanna keppanda/ökumanns nr. 480, Arons Mána Júlíussonar, gagnvart keppanda/ökumanni nr. 401, Snæpóri Inga Jósepssyni.

Skrifstofu AKÍS barst tölvupóstur frá Snæpóri Inga Jósepssyni þann 13. september 2025, þar sem hann tilkynnti um óviðeigandi skilaboð og ummæli frá einstaklingi á vegum keppanda/ökumanns nr. 480 á samskiptaforritinu Messenger. Með tölvupóstinum fylgdi skjáskot af skilaboðum sem Snæpóri bárust frá Aniku Lind Olsen.

Með erindisbréfi sérstakrar dómnefndar fylgdi afrit af tölvupósti Snæpórs, sem og afrit af skjáskotum sem innihéldu skilaboð Aniku til hans.

Í skilaboðum þeim sem um ræðir ýjar Anika að því að Snæpór sé illa gerður og vondur maður. Hún sakar hann einnig um svindl, segir hann illa gefinn og fullyrðir að hann hafi vísvitandi ekið á ökutæki annarra ökumanna til að skemma fyrir þeim. Auk þess kallar hún hann illum nöfnum.

Niðurstaða

Dómnefnd telur hafið yfir vafa að Anika Lind Olsen hafi á rallycross keppninni 6. september s.l., og á fleiri rallycross keppnum á árinu, verið á vegum keppanda/ökumanns nr. 480, og þannig verið veittur aðgangur að fráteknunum svæðum af honum. Því teljist ábyrgð á gjörðum hennar vera keppandans samkvæmt skilgreiningu greinar 9.15.1 í Reglubókinni.

Með skrifum þeim sem rakin eru hér að ofan réðist Anika Lind Olsen gróflega að æru og mannorði Snæþórs Inga Jósepssonar með sérlega meiðandi og ógeðfeldum ásökunum og fullyrðingum, án sannana. Gerðist hún þannig brotleg við grein 6 í Reglugerð AKÍS um Samfélagasmiðla, sem og greinar 12.2.1.c og 12.2.1.f í Reglubókinni, en þær taka allar til athæfis eða skrifa sem andstæð eru hagsmunum akstursíþróttar.

Úrskurður

Á grundvelli greinar númer 12.1.1.c í Reglubókinni er liðsmaður keppanda nr. 480, Anika Lind Olsen, dæmd til greiðslu fjársektar kr. 100.000 vegna skrifa sinna.

Upphæðin skal greidd inn á bankareikning Akstursíþróttasambands Íslands númer 0324-26-192, kennitala 530782-0189, innan 48 klukkustunda frá birtingu þessa dóms, samanber greinar 12.8.1 og 12.8.3 í Reglubókinni.

Áfrýjun

Hlutaðeigandi er bent á rétt sinn til að áfrýja úrskurði dómnefndar samkvæmt grein 15 í Reglubókinni.

Á grundvelli greinar 15.4.2.b í Reglubókinni er það ákvörðun dómnefndar að lokafrestur fyrir tilkynningu um ætlun um áfrýjun sé 24 klukkustundir frá birtingu þessa úrskurðar. Tilkynningu um ætlun um áfrýjun má senda formanni dómnefndar í tölvupósti á netfangið rettvbg@simnet.is.

Formaður dómnefndar	Dómnefndarmaður	Dómnefndarmaður	Dómnefndarmaður
Gunnar Bjarnason	Hlöðver Baldursson	Sigurður A Pálsson	Aðalsteinn Símonarson